

80. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, **14. desember 2021**
kl. 16:35-17:35 á Teams.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Dagskrá fundar var kynnt svohljóðandi:

1. Auglýsing og skipulag ráðningaferlis rektors.
2. Önnur mál.

Þessi dagskrá var samþykkt.

1. Fulltrúar veltu ýmsum möguleikum upp um auglýsingu og skipulag ráðningaferlis rektors. Skólinn mun auglýsa eftir rektor en ráðgjafi verður fengin með í úrvinnslu umsókna.
Samin var auglýsing sem verður birt á heimasíðu skólans, á Starfatorgi og í *Fréttablaðinu*, fyrir jól.
2. Önnur mál.
Fjárhagsstaða skólans var rædd og ítrekað að skýring yrði að fást um áberandi litla hækkun á framlagi til skólans á fjárlögum fyrir 2022, miðað við aðra háskóla á landinu. Rektor mun beina spurningu þess efnis til þingmanna kjördæmisins og til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.